

# Prestvígsla

44. Tími



## **Tilgangur:**

**Guð talar til okkar í helgihaldinu í gegnum það sem við sjáum, heyrum og neytum.**

Presturinn segir mönnunum frá Guði og Jesú og veitir mönnum sakramentin.

# Sakramenti prestsvígslu




Að kvöldi skírdagsins talaði Jesús lengi við postula sína, hann kallaði þá vini sína, hann opinberaði þeim leyndardóma kærleika Guðs.

Hann gaf þeim líkama sinn og blóð sitt og hann bað þá að halda áfram trúboði sínu: *Gjörðu þetta í mína minningu.*

Að kvöldi uppreisunnar birtist Jesús postulum sínum og sagði við þá: „*Meðtakið heilagan anda. Ef þér fyrirgefið einhverjum syndirnar fyrirgefur Guð þær. Ef þér synjið einhverjum fyrirgefningar synjar Guð þeim*”. (Jóh. 20, 22-23)

***Frá þeim degi hefur Guð kallað menn til að verða prestar.***



Til að verða prestur verður þú fyrst að vera kallaður af Jesú.

Eftir að hafa fundið fyrir innri köllun fer ungi maðurinn í prestaskólann.



Prestneminna eyðir nokkrum árum í námi til að læra að vera góður vinur Jesú og tala vel um Guð.

Biskup ákveður að vígja hann til prests, hann verður djákni í eitt ár.

### *Svo kemur vígsludagur.*

Í dómkirkjunni sem er full af fólki leggst djákninn á jörðina á meðan allir hinir trúuðu krjúpa og syngja litaníu dýrtinganna.

Síðan krýpur hann frammi fyrir biskupinum, sem leggur hendur yfir hann og segir: *"Vér biðjum þig, almáttugur Guð, lát þjón þinn hér koma fram presti Jesú Krists með því að endurnýja hann með heilögum anda þínum."*



Þá leggja allir viðstaddir prestar, hver á fætur öðrum, hendur yfir hann og hann er tekinn í tölu presta. Síðan smyr biskup hendur hans með olíu. Að lokum gefur biskup honum brauð á patínu og vín í bikarnum. Nýi presturinn syngur sína fyrstu messu.

## Hvert verður erindi þessa nýja prests?

Hann verður eins og Jesús góði hirðirinn sem gaf líf sitt fyrir sauði sína. Á vígsludegi lofar prestur biskupi hlýðni.

Frá þeim degi messar ungi presturinn á hverjum degi.

Presturinn **biður**.

Hann sameinast Guði eins og Jesús sem dró sig inn í fjallið til að biðja og hann vill hafa tilfinningar hjarta Jesú.

Sjö sinnum á dag gerir presturinn hlé á athöfnum sínum og gefur sér tíma til að biðja Tíðabænar.


Presturinn **kennir** vegna þess að Jesús sagði við postula sína: „Farið út um allan heim og prédikið fagnaðarerindið öllu mannkyni” (Mk 16,15)

Presturinn gefur líf Guðs með sakramentunum.

Hann **helgar** kristna menn.

Presturinn vinnur að skipulagningu kirkjunnar.

Hann **stjórnar** og sér þannig til þess að ekkert skortir í andlegt líf hinna trúuðu.



## Þú skilur hversu mikilvægt það er að biðja um köllun.

Jesús sagði okkur: „Uppskeran er mikil en verkamenn fáir. Biðjið því Drottin uppskerunnar að senda verkamenn til uppskeru sinnar” (Lk 10, 2)



### Verkefni

#### Fyllið í eyðurnar:

1. Að kvöldi skírdagsins Jesús gaf postula sína l \_\_\_\_\_ og b \_\_\_\_\_ sitt og hann bað þá að halda áfram trúboði sínu:  
*Gjörið þetta í mína m \_\_\_\_\_.*
2. Postular eru fyrstir p \_\_\_\_\_ kirkjunnar.
3. Presturinn biður 7 sinnum á dag, bæn sem heitir T \_\_\_\_\_.
4. Presturinn gefur líf Guðs með s \_\_\_\_\_.

## ***Bæn barna um köllun***

**Kæri faðir, ég veit að þú elskar mig  
og hefur frábærar áætlanir fyrir  
mig.**

**Hjálpaðu mér að lifa í kærleika  
þínum á hverjum degi.**

**Sýndu mér og öllu þínu fólki þína  
leið**

**og hjálpaðu okkur til að hlusta á  
þig.**

**Ég bið fyrir öllum**

**sem þú kallar til að vera prestar,**

**djáknar, reglusystur og bræður.**

**Megi þau svara kalli þínu með kærleika.**

**Vinsamlegast gerðu hjarta mitt alltaf tilbúið**

**að gera það sem þú vilt.**

**Við biðjum fyrir Krist, Drottin vorn. Amen**



*Memory game about vocations*

<https://worlddayofprayerforvocations.com/match-game/>

*Video in english about holy orders*

[https://www.youtube.com/watch?v=RQcx2ZwO01U&list=PLIcePO\\_eJb2\\_EEITdFm1PFLNkH17EQcV-&index=46&ab\\_channel=Donjojohannes-BirettBallett-Kathmedia](https://www.youtube.com/watch?v=RQcx2ZwO01U&list=PLIcePO_eJb2_EEITdFm1PFLNkH17EQcV-&index=46&ab_channel=Donjojohannes-BirettBallett-Kathmedia)

